

## Kvikmyndagerð í Grundaskóla

Í Grundaskóla er góð aðstaða til að vinna með skapandi þætti í tengslum við tölvur og ýmis konar margmiðlun. Árið 2003 var sköpuð frábær aðstaða í skólanum til slíkrar vinnu með því að setja á laggirnar sérstaka stofu með sérhæfðum tölum til tónlistar- og myndbandavinnslu. Upp frá því hefur bíómyndagerð og tónlistarmyndbandavinna blómstrað í skólanum. Fyrsta stórmyndin leit dagsins ljós vorið 2004 en það var bíómyndin Prógram sem unnin var af nemendum í 8. bekk og umsjónar -kennurum þeirra en skólinn fékk styrk frá þróunarsjóði til að vinna verkið. Síðan þá hafa margar stórmyndir litið dagsins ljós og skapast hefur sú hefð í 8. bekk að búa til bíómynd í lok skólaársins þar sem tekinn er góður tími í verkið og margar námsgreinar koma við sögu þar til bíómyndin er fullgerð. Einnig hafa foreldrar stundum hjálpað til við gerð myndanna. Það er ljóst að slík vinna gefur oft ólíkum nemendum tækifæri til að njóta sín í verkefnum þar sem mismunandi hæfileikar þeirra koma í ljós. Einnig hefur verið vinsælt meðal nemenda að semja og útsetja lög með hjálp tölvutækninnar og gera síðan tónlistarmyndbönd í kjölfarið.

